

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	17.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsd./Nicole Keller
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Kristleifur Andrésson	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga um lyktarmengun og reyk frá verksmiðjunni.

Tvö frávik voru skráð þar sem að ekki var brugðist nægilega hratt við óhappi í reykheinsibúnaði svo að hreinsun útblásturs var ekki nægjanleg tímabundið og að mælibúnaður í rjáfri er ekki kominn upp. Áætlun til úrbóta vegna beggja frávíka hefur borist og verið metin fullnægjandi.

### UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að stoppa í nyrðri hluta Reykjanesbæjar til að bera kennsl á lyktina sem ábendingarnar sem bárust Umhverfisstofnun sneru að. Staðfest var að greinileg lykt var í bænum sem minnti einna helst á bruna frá arni (viðarbruna). Í kjölfarið var farið á fund með rekstraraðila þar sem að farið var yfir mögulegar ástæður fyrir lyktinni og úrbætur vegna sjáanlegs reyks frá verksmiðjunni á mánudagskvöldi og þriðjudagskvöld fram á miðvikudagsmorgun.

Rekstraraðili útskýrði fyrir eftirlitsaðilum að rekstrartruflanir hafi komið upp í bökun skauta vegna galla í rafskautamassa, þannig að hiti varð ójafn í ofninum. Í kjölfarið þurfti að sögn rekstraraðila að bæta við meira magni af timburflís í ofnin en alla jafna til að ná jafnari bráð.

Varðandi reyk frá verksmiðjunni þá kom í ljós seinnipart mánudags 14. nóvember að pokar í reykheinsivirkis höfðu gefið sig í tveimur hölfum af tíu. Virkið er hannað þannig að unnt sé að taka út eitt hölf til að sinna viðhaldi án þess að skerða þurfi afsog en í þessu tilviki þurfti að taka út tvö hölf í því var afsogsstyrkur lækkaður um rúmlega helming á meðan á viðgerð stóð. Viðgerð lauk seinnipart þriðjudags 15. nóvember en vegna mannglegra mistaka var afsogsbúnaður ekki settur á fullan styrk fyrr en morguninn eftir. Ástæða þess að svo margir pokar gáfu sig er talinn vera vegna þess að raki hafi komist að þeim fyrir gangsetningu.

Þegar eftirlitið fór fram var ofninn keyrður á um 9 MW en þegar straumhækkun er lokið og ofninn kominn á fullan rekstur verður hann keyrður á 32 MW.

#### Frávik frá

Grein 2.5 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávikum

Hreinsun útblásturs var ekki með fullnægjandi hætti mánudaginn 14. nóvember fram á miðvikudagsmorgun 16. nóvember. Lækka þurfti í afsogi um helming á meðan að skipt var út pokum í tveimur hölfum hreinsivirkisins. Vegna mannglegra mistaka var afsog ekki hækkað að nýju fyrr en að morgni miðvikudaginn 16. nóvember en viðgerð lauk kvöldið áður.

Grein 3.1 í starfsleyfis

Símælir fyrir ryk í rjáfri ofan við reykheinsivirki er ekki kominn upp. Á samráðsfundi 11. nóvember sl. kom fram að seinkunn yrði á að koma mælinum upp um nokkra daga vegna veðurs en tímaáætlun liggur ekki fyrir um hvenær búast megi við að mælirinn komi upp.

### ANNAÐ

Áætlun um úrbætur vegna frávíka sem skráð voru við eftirlit bárust 11. desember.

Vegna frávíks um hreinsun útblásturs verða gerðar endurbætur á sjálfvirkibúnaði reykheinsivirkis. Þá verður sett inn sjálfvirk skráning á öllum frávikum í rekstri þess auk hljóð og texta viðvörunar í stýrikerfi þegar frávik hefst. Þá verður Umhverfisstofnun tilkynnt um öll frávik sem verða í rekstri reykheinsivirkis.

Varðandi símaþúnað í reykheinsivirki þá hefur verið gengið frá kaupum á slíkum búnaði. Úrbótaáætlun gerir ráð fyrir

að hann verði komin upp fyrir 23. desember n.k.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.12.2016

  
Halla Einarsson  
Halla Einarsson